

Nd.

## 37. Frumvarp til íþróttalaga.

Frá menntamálanefnd.

### I. KAFLI

#### Um stjórn íþróttamála.

##### 1. gr.

Í lögum þessum merkja íþróttir hverskonar líkamsæfingar, er stefna að því að auka heilbrigði manna, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp.

##### 2. gr.

Kennslumálaráðherra hefir yfirumsjón allra íþróttamála að því leyti, er ríkið lætur þau til sín taka. Til aðstoðar ráðherra um stjórn og framkvæmd íþróttamála er íþróttafulltrúi og íþróttanefnd.

##### 3. gr.

Íþróttafulltrúi skal hafa alhliða þekkingu um íþróttamál og auk þess þekkingu á sviði almennra uppeldismála, enda starfar hann í sambandi við fræðslumálastjórn, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur. Hann skal skipaður af ráðherra til fimm ára í senn og launaður úr ríkissjóði.

Íþróttafulltrúi skal hafa á hendi þessi störf:

1. Að hafa umsjón með íþróttastarfsemi í skólum.
2. Að vinna að útbreiðslu og eflingu íþróttar í landinu.
3. Að gera tillögur um framkvæmdir til eflingar íþróttum og hafa eftirlit með slíkum framkvæmdum.
4. Að veita íþróttafélögum og einstaklingum leiðbeiningar og aðstoð um íþróttamál.
5. Að safna skýrslum um íþróttastarfsemi í landinu
6. Að gera tillögur um úthlutun fjár úr íþróttasjóði.
7. Annað það, sem honum er falið í lögum þessum eða verður falið með reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Ráðherra setur íþróttafulltrúa erindisbréf.

##### 4. gr.

Íþróttanefnd skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Kennslumálaráðherra skipar íþróttanefnd, og skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tillögum stjórnar íþróttasambands Íslands, en annar samkvæmt tillögum stjórnar ungmennafélaga Íslands. Á sama hátt skal skipa varamenn. Nefndarmenn allir skulu vera búsettir í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Íþróttanefnd tekur eigi laun fyrir starfa sinn, en útlagðan kostnað fær hún greiddan úr ríkissjóði. Kostnað við sérfræðilega aðstoð skal þó greiða úr íþróttasjóði.

Íþróttanefnd stjórnar íþróttasjóði og úthlutar fé úr honum eftir fyrirmælum laga þessara. Að öðru leyti skal nefndin hafa á hendi þessi störf:

1. Að vinna að eflingu íþróttamála, og getur hún gert tillögur um allt, sem að þeim lýtur.
2. Að vinna ásamt íþróttafulltrúa að því að koma skipulagi á íþróttamál í landinu.
3. Annað það, sem henni er falið í lögum þessum, eða verður falið með reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Íþróttafulltrúi á sæti á fundum íþróttanefndar, en á þar eigi atkvæðisrétt nema hann sé skipaður í nefndina. Afl atkvæða ræður úrslitum mála í íþróttanefnd.

## II. KAFLI Um íþróttasjóð.

### 5. gr.

Stofna skal sjóð til eflingar íþróttum í landinu, og nefnist hann íþróttasjóður. Alþingi veitir sjóðnum árlega fé til ráðstöfunar, eða sér honum fyrir öruggum tekjum á annan hátt.

### 6. gr.

Styrkveitingar úr íþróttasjóði skulu miða að því að bæta skilyrði til íþróttaiðkana, og skal áherzla lögð á, að þær komi að sem almennustum notum.

Styrki má veita til:

1. Hverskonar mannvirkja og tækja, sem miða að bættum skilyrðum til íþróttaiðkana, einkum efniskaupa og aðstoðar kunnáttumanna.
  2. Til íþróttaskóla og námskeiða.
  3. Til útbreiðslu íþróttar og aukinnar íþróttamenntunar.
- Eigi má veita styrki til venjulegra íþróttamóta né einstakra kappleika eða til verðlaunagripa, til rekstrarkostnaðar félaga eða til fastrar íþróttakennslu í almennum skólum, né ferðalaga íþróttafélaga, nema til útbreiðslu miði.

### 7. gr.

Aðiljar um styrkveitingar eru:

1. Í. S. Í., U. M. F. Í., og félög og sambönd innan vébanda þeirra.
2. Bæjar- eða sýslufélög, hreppsfélög og skólar.
3. Formleg samtök nefndra aðilja.

### 8. gr.

Umsóknir um styrki úr íþróttasjóði skulu sendar íþróttanefnd samkvæmt reglum, er hún setur um það.

Við úthlutun úr sjóðnum skal taka tillit til eftirfarandi:

1. Hve mikið framlag umsækjanda er í vinnu og fé.
2. Hve almenna þýðingu úthlutunin geti haft.
3. Hve heilbrigðisgildi framkvæmdar þeirrar, er styrks nýtur, er mikið.
4. Að stuðningurinn dreifist með tímanum sem jafnast um landið eftir fólksfjölda.
5. Að hve miklu leyti félögin standi undir rekstrarkostnaði sínum með iðgjöldum félagsmanna.

Mannvirki, sem styrkt eru úr sjóðnum, skulu vera til almennra afnota, eftir því, sem við verður komið, en eigi má nota þau til neins þess, sem brýtur í bága við afnot þeirra til íþróttar.

### 9. gr.

Setja skal reglugerð um mannvirki þau, er styrks hafa notið eða njóta úr íþróttasjóði, og er hún háð samþykki ráðherra. Í reglugerð skulu vera ákvæði um stjórn mannvirkis, viðhald og notkun.

### 10. gr.

Nú vill einhver þeirra aðilja, sem taldir eru í 7. gr., koma upp íþróttamannvirki og fá til þess styrk úr íþróttasjóði, og skal hann þá leita samþykkis íþróttanefndar um gerð mannvirkis og stað. Skylt er íþróttanefnd að láta aðiljum ókeypis í té uppdrætti og aðrar leiðbeiningar um gerð íþróttamannvirkja. Gerð íþróttatækja, sem styrkur er veittur til, er háð samþykki íþróttafulltrúa.

### III. KAFLI

#### Um íþróttir í skólum.

##### 11. gr.

Í öllum skólum landsins skulu íþróttir iðkaðar eftir því, sem mælt er fyrir í lögum þessum, eða reglugerðum, er ráðherra setur samkvæmt þeim.

##### 12. gr.

Barnaskólum í kaupstöðum eða kauptúnum með 500 íbúum eða fleiri, svo og öllum æðri skólum, skal séð fyrir hæfu húsnæði með heitu og köldu baði og nauðsynlegum áhöldum til fimleikakennslu, og er hvorttveggja háð úrskurði íþróttafulltrúa. Í barnaskólum í sveitum og kauptúnum með færri en 500 íbúum skal temja nemendum þær fimleikaæfingar, sem við verður komið í húsnæði skólanna, enda sé eigi völ á öðru húsnæði betra. Allir fastir barnaskólar og æðri skólar skulu hafa til umráða hæfilegt landsvæði eða leikvang til þess að iðka knattleiki og útiþróttir.

##### 13. gr.

Öll börn á landinu skulu læra sund, nema þau séu óhæf til þess, að dómi skólalæknis. Höfuðáherzlu skal leggja á að kenna bringu- og baksund og helztu aðferðir við björgunarsund og endurlifgun úr drukknunarástandi. Skal hver nemandi hafa lokið þessu námi fyrir 14 ára aldur og hafa leyst af hendi ákveðnar raunir í sundi og björgun, samkvæmt reglugerð, sem ráðherra setur.

Þar, sem sundlaugar eru svo nærri skólum, að sundiðkunum verði við komið samhliða öðru námi, skal ætla þeim tíma á stundaskrá skólanna. Að öðrum kosti skal kenna sund með árlegum námskeiðum, og skal hver nemandi eiga kost á hálfmánaðar kennslu a. m. k. Þar, sem sækja skal langt til slíkra sundnámskeiða, skal ríkissjóður taka þátt í ferðakostnaði nemenda, eftir reglum, sem ráðherra setur. Í öðrum skólum en barnaskólum skulu nemendur iðka sund, nema þeir teljist til þess óhæfir, að dómi skólalæknis, enda eigi þeir kost á sundkennslu og aðgang að sundlaug. Að loknu námi í skólanum skulu nemendur leysa af hendi prófraunir, er miðaðar séu við aldur þeirra og þroska. Ráðherra setur nánari ákvæði um prófraunir þessar.

##### 14. gr.

Í öllum skólum skal leggja áherzlu á það, að nemendur fái tækifæri til að stunda útiþróttir, eftir því sem fært þykir og staðhættir eru til. Ennfremur skulu piltar í öllum skólum eiga kost á tilsögn í íslenzkri glímu.

##### 15. gr.

Nemendum þeim, sem að dómi skólalæknis eru eigi færir um að taka þátt í hinum almennu íþróttaiðkunum skólanna, skal séð fyrir líkamsæfingum við þeirra hæfi, eftir því sem fært þykir. Ráðherra setur að öðru leyti, eftir tillögum íþróttafulltrúa og íþróttanefndar, ákvæði um tilhögun og stundafjölda fimleikakennslu og annara íþróttaiðkana í skólum.

##### 16. gr.

Skólanemendum er óheimilt að stunda íþróttæfingar í félögum utan skólanna þann tíma árs, sem skólar starfa, nema með leyfi skólastjóra.

##### 17. gr.

Í öllum barnaskólum og öðrum almennum skólum skal fara fram kennsla í heilsufræði. Leggja skal sérstaka áherzlu á heilsuvernd, gildi íþróttar og skaðsemi eiturnautna.

18. gr.

Háskólastúdentar skulu eiga kost á íþróttakennslu og íþróttaiðkunum, eftir nánari ákvæðum, sem ráðherra setur.

19. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta gera íþróttamerki fyrir skóla, samkvæmt reglugerð, er kennslumálaráðuneytið setur um þau efni. Merkin skulu allir skólanemendur eiga kost á að fá fyrir lágt verð, er þeir hafa unnið tilskilið afrek og náð tilskilinni leikni.

#### IV. KAFLI

##### Um íþróttakennslu.

20. gr.

Enginn getur öðlazzt réttindi sem sérkennari í íþróttum, né rekið íþróttakennslu sem atvinnu, nema hann hafi lokið íþróttakennaraprófi hér á landi eða öðlazzt réttindi sem íþróttakennari áður en lög þessi tóku gildi.

Próf þetta skal taka í uppeldisfræði, kennslufræði og kennslu, íslenzku, líkamsfræði, leikfimi, sundi, íslenzkri glímu og þeim einmenningsíþróttum, sem tilskildar kunna að verða í reglugerð, sem ráðherra setur um prófið. Þeir einir hafa rétt til að ganga undir kennarapróf í íþróttum, sem stundað hafa nám við íslenzkan eða erlendan íþróttakennaraskóla minnst 9 mánuði og kynnt kennslu í skólum og íþróttafélögum í Reykjavík minnst hálf mánaðar tíma. Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef í hlut eiga kennarar, sem feðgnir eru til þjálfunar um stundarsakir í einstökum íþróttagreinum, enda samþykki stjórn íþróttakennarafélags Íslands ráðningu þeirra.

21. gr.

Kennarar kennaraskólans í uppeldis- og kennslufræði og íslenzku skulu prófa í þessum greinum við íþróttakennarapróf, og prófdómarar og kröfur skulu vera sömu við það og almennt kennarapróf.

Ráðherra skipar prófdómendur í íþróttum.

22. gr.

Við héraðsskólana skulu starfræktar sérdeildir fyrir íþróttakennslu, og eiga nemendur kost á að stunda nám í þeim eftir eins vetrar nám í skólunum. Í íþróttadeildum þessum skal nemendum kennt að leiðbeina öðrum um íþróttaiðkanir, svo að þeir verði færir um leiðbeiningar í íþróttaiðkunum í heimahögum sínum. Nám í deildum þessum veitir að öðru leyti engin kennararéttindi.

23. gr.

Í kennaraskólanum skulu fimleikar og aðrar íþróttir vera skyldunámsgreinar, og skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg. Íþróttakennsla skal jafnan vera ein grein kennaraprófs, og skal miða prófið við það, að kennarar verði færir um að veita tilsögn í íþróttum í barnaskólum og íþróttafélögum, þar sem ekki er vöð á sérkennara. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um þær íþróttagreinar, sem stunda skal, tilhögun kennslu og kröfur við próf.

#### V. KAFLI

##### Um frjálsa íþróttastarfsemi.

24. gr.

Íþróttastarfsemi utan skólanna er falin frjálsu framtaki landsmanna, og fer fram í félögum og sem einstaklingsstarf, með þeim stuðningi, sem veittur er samkvæmt lögum þessum. Viðurkennd landssambönd íþróttafélaga eru íþróttasamband

Íslands (Í. S. Í.) og samband ungmennafélaga Íslands (U. M. F. Í.). Í íþróttamálum kemur Í. S. Í. fram af Íslands hálfu gagnvart öðrum þjóðum, nema að því leyti, sem ríkið gerir það sjálf.

Öll opinber íþróttakeppni skal fara fram samkvæmt reglum, sem Í. S. Í. setur, enda séu þær ætíð í samræmi við alþjóðaiþróttareglur.

#### 25. gr.

Skipta skal landinu niður í íþróttahéruð eftir landfræðilegri legu og aðstöðu til samvinnu um íþróttaiðkanir. Íþróttanefnd annast skiptingu þessa í samráði við stjórnir Í. S. Í. og U. M. F. Í. Íþróttanefnd og íþróttafulltrúi skulu vinna að því, að allir aðiljar um íþróttamál í íþróttahéraði hverju hindist samtökum um hagsmuni sína. Meðan aðiljar þessir hafa eigi myndað slík samtök, skal íþróttanefnd skipa þriggja manna stjórnarnefnd í héraði hverju. Skal einn nefndarmanna skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Í. S. Í. og annar samkvæmt tilnefningu stjórnar U. M. F. Í. og hinn þriðji samkvæmt tilnefningu fræðslumálastjóra. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður er umboðsmaður íþróttanefndar og íþróttafulltrúa í héraði sínu. Eigi þiggur hann laun fyrir það starf. Þá er héraðssamtök íþróttaaðilja hafa myndast, tekur stjórn þeirra við starfi nefndarinnar.

#### 26. gr.

Til þess að félög séu viðurkennd til styrkveitinga samkvæmt lögum þessum, verða þau að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Inntaka manna í þau sé ekki bundin skilyrðum um trúar- eða stjórnmála-skoðanir.
2. Allir félagsmenn eru skyldir að greiða iðgjöld í sjóði félaganna.
3. Félögin séu í Í. S. Í. eða U. M. F. Í., greiði þeim tilskilin gjöld, sendi árlegar fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
4. Félögin hafi lækniseftirlit með íþróttamönnum sínum, eftir því sem við verður komið, og getur íþróttanefnd ákveðið, að enginn megi taka þátt í keppni í tilteknum íþróttagreinum, nema læknir hafi áður skoðað hann.

### VI. KAFLI

#### Ýms ákvæði.

#### 27. gr.

Skylt er hrepps-, bæjar- og sýslufélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði, eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.

#### 28. gr.

Ef félag eða skóli, sem fengið hefir opinberan styrk til mannvirkja eða íþróttatækja, leggst niður, skulu þessar eignir þess renna til íþróttasjóðs, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum eða reglugerðum. Íþróttanefnd sér um, að þær komi að notum til íþróttaiðkana á þeim stað, sem þær eru, eftir því sem ástæður leyfa.

#### 29. gr.

Viðurkenndir skólar og íþróttafélög skulu hafa forgangsrétt að notkun íþróttamannvirkja og tækja, sem þegar eru til í landinu, eða byggð kunna að verða, að því leyti, sem eigendur nota þau ekki til íþróttaiðkana, enda sé greitt fyrir það sanngjarnt verð.

#### 30. gr.

Ágreiningi, sem rísa kann út af skilningi á lögum þessum eða framkvæmdum þeirra, skal skjóta til úrskurðar íþróttanefndar, nema svo sé vaxinn, að hann heyri undir dómstóla.

### 31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þar með úr gildi numin eldri lagaákvæði, sem brjóta í bága við þau. Til þess að koma upp mannvirkjum eða fá ráð á fasteignum, sem lög þessi gera ráð fyrir, er veittur fimm ára frestur, en reglugerðir um iþróttir í skólum skulu settar svo fljótt sem þörf krefur.

### Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur þetta frv. fyrir tilmæli forsætisráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur. Frv. fylgdi svolátandi greinargerð:

#### I.

Með bréfi dags. 13. apríl f. á. skipaði ríkisstjórnin nefnd, er „geri tillögur til ríkisstjórnarinnar fyrir næsta reglulegt Alþingi um það, hvernig hagkvæmast verði að efla iþróttastarfsemi og líkamsrækt meðal þjóðarinnar, fyrst og fremst með það sjónarmið fyrir augum, að áhrif iþróttar til þroska, heilsubótar og hressingar nái til sem flestra í þessu landi.

Til þess að þessu marki verði náð, og það sem fyrst, telur ráðuneytið nauðsyn til bera að taka iþróttamálin í landinu til ýtarlegrar athugunar og yfirvegunar. Meðal annars, sem rannsaka þarf, eru fjáröflunarmöguleikar iþróttastarfseminnar, hvernig fé því er varið, sem til iþróttamálanna gengur, bæði frá því opinbera og annarsstaðar frá. Athuga þarf, hvernig aðstaðan er nú til iþróttaiðkana og hvernig hún er notuð. Þá þarf að athuga iþróttastarfsemina í skólum landsins og fyrirkomulag hennar í ungmenna- og iþróttafélögum.“

Nefndin hóf þegar starfsemi. Það, sem hún hefir gert, er í stuttu máli þetta:

1. Hún skrifaði öllum þeim iþróttafélögum og ungmennafélögum landsins, sem henni var kunnugt um, sömuleiðis öllum skólum og sérkennurum í iþróttum, og sendi þeim eyðublað undir upplýsingar, sem nefndin óskaði eftir að fá frá þeim. Sömuleiðis skrifaði hún stjórnnum Íþróttasambands Íslands, Sambands ungmennafélaga Íslands, Sambands íslenskra barnakennara og Bandalagi íslenskra skáta, og bað um álit og tillögur þessara sambanda og upplýsingar um iþróttastarfsemi þeirra.
2. Nefndin aflaði upplýsinga um fyrirkomulag iþróttamálanna á Norðurlöndum og í öðrum fremstu iþróttalöndum Evrópu. Sumt af þessum upplýsingum fekk hún bréflega frá hlutaðeigandi löndum, með milligöngu stjórnarráðsins, en annars aflaði hr. Ludvig Guðmundsson handa nefndinni, að fyrirmælum forsætisráðherra, er hann ferðaðist erlendis. Sömuleiðis kynnti varaformaður nefndarinnar, hr. Erlingur Pálsson, sér nýju ensku iþróttalögin og framkvæmd þeirra, er hann dvaldi í Englandi s. l. sumar.
3. Nefndin hefir kynnt sér vandlega þau gögn, sem hún fékk, og haldið marga fundi, þar sem hún hefir rætt málin og athugað frá ýmsum hliðum. Einnig hefir hún starfað skipt í þrjár undirnefndir, sem hver hefir fjallað um sína hlið málaanna.
4. Loks hefir nefndin samið frv. það til iþróttalaga, sem hér liggur fyrir, og orðið einhuga ásátt um að leggja til, að hið háa Alþingi samþykki það. — Enn hefir nefndin í smíðum frv. um fjáröflun til iþróttamálanna, og mun það verða tilbúið áður langt liður.

#### II.

Enginn efi getur leikið á því, að fé og fyrirhöfn, sem varið er til aukinnar heilbrigði þjóðarinnar, er vel varið. Féð kemur aftur ávaxtað beint í meiri afkastagetu þjóðarinnar, auknu starfsþreki og lengra lífi einstaklinganna, — óbeint í betri liðan, meiri lífsgleði. Þess vegna verður að telja það efalaust, að þjóðfélagið má flestu

öðru síður til þess spara að gera ráðstafanir til aukinnar heilbrigði. Verður í því efni fyrst og fremst að leggja á það áherzlu, að hver ung kynslóð þjóðarinnar sé varin, svo sem verða má, fyrir sýkingu og heilsuspjöllum, og að hverjum ungum einstaklingi séu tamdar þær lífsvenjur, sem leiða til heilbrigði og langlífi. Má þetta verða með ýmsu móti, á ýmsum sviðum, og skal hér bent á nokkur atriði:

1. Bætt húsakynni, svo að heilsa manna spillist ekki vegna kulda, raka og spillts lofts í hóbýlunum.
2. Aukin fræðsla um almenn heilsufræðiefni, svo sem næringargildi og heilbrigðisgildi fæðutegunda, þýðingu áreynslu, svefns og hvíldar, heilbrigðisgildi ljóss og lofts, smitun og smitunarleiðir o. s. frv.
3. Útrýming eiturnautna.
4. Ráðstafanir til tryggingar því, að allir uppvaxandi einstaklingar fái nægilega næringu og næg fjörvi í fæðunni.
5. Nákvæmt eftirlit með heilbrigði barna og unglinga, og aðgerðir í tíma, ef með þarf. Í því sambandi má benda á brýna þörf barnasjúkrahúsa.
6. Ráðstafanir til afnáms slyshættu, svo sem að flytja daglegan dvalarstað barna í kaupstöðum af götunni á leikvelli og út í náttúruna.
7. Ráðstafanir til almennrar íþróttaiðkunar þjóðarinnar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, fjallar um þetta atriði.

Ætlunarverk íþróttanna með þjóðinni er í stuttu máli þetta:

1. Að veita þeim mörgu einstaklingum þjóðarinnar, sem hafa of litla eða einhliða vöðváreynslu í daglegum störfum sínum, slíka áreynslu, á þann hátt, að vöðvar þeirra þroskist og eflist í sem eðlilegustu samræmi, svo að líkaminn nái sem mestri vaxtarfegurð og þrótti.
2. Að hjálpa líkómum, sem að visu hafa næga áreynslu í störfum sínum, til meiri mýktar og liðleika en vinnunni einni er fært.
3. Að stæla viljabrek manna og auka karlmennsku þeirra.
4. Að auka mönnum þekkingu á líkama sínum og vald yfir honum, með því að kynna mönnum, hvaða vöðvum beita þarf til hvers átaks og hverrar hreyfingar, hvaða afleiðingar átak hvers vöðva hefir og hvernig þeir vinna saman.

Almennar íþróttaiðkanir þjóðarinnar auka því hreyfingu þjóðarinnar, þrek og starfsorku hennar, viljabrek hennar og getu hennar til að leysa af hendi störf. Þær hjálpa þannig til að auka þjóðinni velmegun og vellíðan.

Þetta gildi íþróttanna hefir verið ríkisvaldinu ljóst allengi, sem sjá má á því, að löggjafarvaldið hefir veitt íþróttaiðkunum margvíslegan beinan og óbeinan stuðning. Þessi stuðningur hefir þó eigi verið bundinn neinu skipulagi á undanföllum tímum. Þetta frv. til íþróttalaga er tilraun til að auka stuðning ríkisvaldsins við íþróttaframtak landsmanna og láta hann koma að fullkomnari notum en áður, m. a. með því að setja honum skipulag.

Skal nú gerð nánari grein fyrir frumvarpinu.

#### Um 1. gr.

Orðið „íþrótt“ hefir nokkuð mismunandi viðtæka merkingu í málinu. Þykir því rétt að hefja lögina á að festa lagabýðingu þess. Er hún takmörkuð við allar líkamsíþróttir, eða, auk íþróttanna í þrengstu merkingu, fimleika, fjallgöngur, róður og annað slíkt, sem til þess er fallið að herða og stæla líkama manna, gera þá hraustari, vinnufærari og fegurri.

#### Um 2.—4. gr.

Íþróttastarfsemi þjóðarinnar er raunar ein grein af menningarstarfsemi hennar. Nám og iðkun íþróttanna er hliðstætt námi og iðkun hverskonar nyttsamra fræða. Hvorttveggja eykur manngildi, menningu og gerir menn getumeiri, starfshæfari, hvort á sínu sviði. Nokkur hluti íþróttastarfseminnar fer fram í skólum þjóðarinnar. Hinn hlutinn í félögum, sem byggð eru upp af frjálsu framtaki áhugamanna. En þau fé-

lög eru að þessu leyti hliðstæður skólanna, að þau veita mönnum menningarauka á vissu sviði, þótt með frjálsara og lausara fyrirkomulagi sé. Þess vegna þykir hlýða, að yfirstjórn íþróttamálanna sé hin sama og annara fræðslumála þjóðarinnar. Að kennslumálaráðherra sé æðsti yfirmaður þeirra (2. gr.) og þeim sé stjórn að í sambandi við almenna skólafræðslu (3. gr.).

Nauðsynlegt verður að teljast, að ráðherra njóti aðstoðar og fulltingis sérfræðinga og áhugamanna um stjórn íþróttamálanna, enda hlýtur stjórn hans á þeim að vera fremur form en framkvæmd. Þess vegna gerir frv. ráð fyrir **íþróttafulltrúa** og **íþróttanefnd**.

Íþróttafulltrúi verður hinn fastlaunaði, sistarfandi framkvæmdastjóri íþróttamála landsins og hefir umsjón með öllum íþróttamálum í skólum og félögum. Á forystu hans og framtaki hlýtur mjög að byggjast framgangur íþróttamála landsins og gagnsemi þeirra. Veltur því mjög á mannkostum hans og kunnáttu. Verður að ætlast til, að hann hafi verklega kunnáttu í sem flestum þeirra íþróttagreina, sem iðkaðar eru í landinu, og helzt mikla í einni eða fleirum. Auk þess er nauðsynlegt, að hann hafi fræðilega þekkingu um íþróttir, byggingu mannslíkamans og almenna sálarfræði, einkum þau svið hennar, sem íþróttir snerta. Vegna afskipta hans af skólunum, stjórnar hans á og eftirliti með íþróttakennslu þeirra og íþróttastarfsemi er nauðsynlegt, að hann hafi töluverða þekkingu á uppeldisfræði og kunnugleika og skilning á starfsháttum skóla og kennslutækni. Meðan ekki er völ á manni, sem stundað hefir íþróttir og íþróttافرæði sem sérgrein, mætti t. d. hugsa sér, að íþróttafulltrúi væri íþróttamaður með læknisprófi, en hefði aflað sér framhaldsmenntunar um íþróttافرæði og uppeldismál. Eða að það væri vel menntaður íþróttakennari með sérstökum undirbúningi undir starf þetta.

Eðlilegt virðist, að íþróttafulltrúi starfi í nánú sambandi við fræðslumálastjóra — sé e. t. v. fulltrúi á fræðslumálaskrifstofunni með afmörkuðu starfssviði. Með því mætti spara kostnað við sérstakt skrifstofuhald fyrir íþróttamálin. — Þar sem gera verður strangar kröfur um undirbúningsmenntun íþróttafulltrúa og persónulega kosti hans, og þar sem starf hans verður annrikt og vandasamt og krefst mikilla ferðalaga, verður að launa hann sémilega.

Eigi þykir rétt, að íþróttafulltrúi sé skipaður um ótakmarkaðan tíma, heldur aðeins til 5 ára í senn. Hann verður að vera röskur maður í fullu starfsfjóri og með ósvekknum áhuga. Er því vafasamt, að sami maðurinn geti gegnt starfinu svo að vel sé til langframa. En opið liggur fyrir að endurskipa sama mann í starfið, ef það þykir rétt eftir 5 ára starf.

**Íþróttanefnd** fer með völd í íþróttamálum, næst eftir ráðherra, og hefir með höndum úthlutun fjár þess, sem Alþingi leggur íþróttunum til eða íþróttasjóður fær til umráða, af þeim tekjustofnum, sem Alþingi kann að veita honum. Rétt þykir, að tveir af þremur nefndarmönnum standi í beinni lífandi snertingu við hina frjálsu félagsbundnu íþróttastarfsemi áhugamanna í landinu, séu kunnugir henni og njóti óvefengjanlega trausts hennar. Gerir því frv. ráð fyrir, að stjórnir þeirra tveggja félagasambanda, sem hafa með höndum mestalla íþróttastarfsemi landsmanna og hafa haft undanfarin um 30 ár, geri tillögur til ráðherra, hvor um sinn nefndarmanninn. Þótt bæði þessi félagasambönd hafi með höndum íþróttahvatningar, þjálfun og kappleiki, og þó að samvinna þeirra hafi ætíð verið hin bezta, þá er þó verkum þannig skipt með þeim, að hvorugt þeirra getur komið fram í þessu efni fyrir hins hönd. Í. S. Í. fer einkum með íþróttastarfsemi í kaupstöðum og þéttbýli og með allsherjarkappleiki og heildarstjórn íþróttamálanna. U. M. F. Í. hefir aftur á móti með höndum meginhluta íþróttastarfseminnar í sveitum og dreifbýli, þar sem aðstaða er örðugust. Þar sem íþróttافرæðsla og íþróttatamning skólanna er sú undirstaða, sem íþróttastarfsemi félaganna er reist á, hljóta þeir menn, sem félagasamböndin nefna í íþróttanefnd, að hafa fyllsta áhuga á því, að skólarnir njóti sem fyllstrar aðstoðar um þetta efni.

Íþróttafulltrúi verður framkvæmdarstjóri og ráðunautur íþróttanefndar og á



því málfrelsi og tillögurétt á fundum hennar. En að ýmsu leyti má telja heppilegra að hann sé ekki nefndarmaður.

#### Um 5. gr.

Undanfarið hefir Alþingi veitt fé samböndum íþróttafélaganna (Í. S. Í. og U. M. F. Í.) og til einstakra íþrótt framkvæmda hér og þar. Heppilegra verður að teljast, að allt það fé, sem ríkið ver til íþrótt, hvort sem er með beinni fjárveitingu úr ríkissjóði eða með sérstakri tekjuöflun, renni í einn íþróttasjóð, undir einni stjórn. Hlýtur að verða mest samræmi og réttlæti í úthlutun fjárisins með því móti og bezt tryggt, að það komi að sem fyllstum notum.

Full nauðsyn er á því, að íþróttir og líkamsmenning landsmanna fái allmikið ríflegra fé til umráða framvegis en verið hefir áður. Væri því æskilegt, að íþróttasjóði væri séð fyrir tekjum eftir öðrum leiðum en beinni fjárveitingu úr ríkissjóði. Mun millipinganefndin í íþróttamálum síðar leggja fram sérstakt frv. um tekjuöflun fyrir sjóðinn.

#### Um 6. gr.

Fé úr íþróttasjóði hlýtur fyrst og fremst að fara til þess að bæta aðstöðu og möguleika þjóðarinnar til íþróttaiðkana með mannvirkjum, svo sem íþróttavöllum, íþróttahúsum, sundlaugum, skiðabrautum o. s. frv. Þessir hlutir kosta yfirleitt meira fé en svo, að einstök íþróttafélög eða skólar séu fær um að koma þeim upp á eigin spýtur. En slík íþróttamannvirki eru oft meginskilyrði þess, að íþróttir verði iðkaðar eins og vera ber.

Ætlast verður til þess, að á þeim stöðum, sem íþróttamannvirki eru gerð, sé sá áhugi fyrir hendi hjá íþróttafélögum, skólum og einstaklingum, að þau vilji leggja og geti lagt eitthvað verulegt af mörkum til framkvæmdarinnar. Er það þá einkum almenn vinna, sem slíkir aðiljar hafa ráð á að leggja til. Þess vegna er gert ráð fyrir, að íþróttasjóður veiti einkum styrk til þess, sem ekki verður hjá komizt að greiða í peningum, þ. e. efniskaupa, verkfræðilegrar aðstoðar og vinnu iðnlærðra manna og verkstjóra.

Að öðru leyti hlýtur fé íþróttasjóðs að verða varið til að auka íþróttakunnáttu almennings og til ráðstafana, sem að því miða að gera íþróttaiðkun almennari.

Nefnd eru í niðurlagi greinarinnar nokkur atriði í íþróttastarfsemi, sem ekki þykir ástæða til að kosta úr íþróttasjóði. Íþróttamót standa venjulega sjálf undir kostnaði sínum, og er því varla ástæða til að styrkja þau. Þó getur verið um þau mót að ræða, að þörf sé styrks, t. d. ef fengnir væru erlendir menn eða íþróttaflokkar til keppni eða sýningar, í því skyni að auka áhuga og kapp í íþróttaiðkun landsmanna. Um fasta íþróttakennslu í almennum skólum gegnir sama máli og aðra kennslu þeirra skóla, og á hún því að vera kostuð á sama hátt. Hinsvegar gæti íþróttasjóður styrkt námskeið í skólunum og íþróttakennslu í sérstökum íþróttaskólum.

#### Um 7. gr.

Hér eru taldir þeir aðiljar, er styrks eiga að geta notið úr íþróttasjóði: Félagasamböndin, sem íþróttir stunda, til íþrótt framkvæmda sinna og til þeirrar útbreiðslu-, hvatningar- og fræðslustarfsemi um íþróttir, sem þau hafa með höndum. Íþróttafélög (þar með talin ungmennafélög, sem stunda íþróttir, eins og flest þeirra gera) og héraðssambönd innan landssambandanna. Bæjar-, sýslu- og hreppsfélög til íþróttamannvirkja, sem þau láta gera, eða íþróttanámskeiða og þess háttar. Skólar til íþróttamannvirkja og tækja, sem séu þá um leið til afnota fyrir almenning, eftir því sem ástæður leyfa, og íþróttaskólar til starfrækslu sinnar. Loks nefnir greinin „formleg samtök þessara aðilja“, og er með því slegið föstu, að ef t. d. hreppsnefnd og ungmennafélag eða bæjarstjórn og íþróttafélag vilja stofna sameiginlega til íþrótt framkvæmdar, verði þau að hafa um það formlegan samning og sameiginlega framkvæmdastjórn, sem kemur fram af þeirra hálfu gagnvart íþróttanefnd og íþróttafulltrúa.

Um 8.—10. gr.

Greinar þessar virðast ekki þurfa skýringa við. — Rétt er að benda á, að með 5. tölulið 8. gr. er ætlað til þess, að þeir menn, sem íþróttir stunda í íþróttafélögnum, leggi allir fjármunakvaðir á sjálfa sig til íþróttanna, um leið og þeir vænta styrks úr íþróttasjóði ríkisins.

Um 11. gr.

Hér er ætlað til, að íþróttir séu iðkaðar í öllum skólum landsins, en nú er lítið eða ekkert um það í sumum skólum. Ákvæði þessarar greinar verður að telja mjög nauðsynlegt og þýðingarmikið. Skólanemendur eru á þeim aldri, sem mesta hefir þörf líkamshjálfunar og áreynslu, en annað skólanám en íþróttir veitir þeirri þörf litla fullnægju. Auk þess er hægara að ná til skólafólks en annars hluta æskunnar með þá heilsubót, sem íþróttaiðkanir veita.

Um 12. gr.

Hér er hert allmikið á kröfum um skilyrði til íþróttaiðkana í skólum landsins, þar sem þess er krafizt, að barnaskólar í kaupstöðum og þorpum með 500 eða fleiri íbúum og allir æðri skólar hafi aðgang að leikfimi húsi með nauðsynlegum tækjum og höðum. Hér er um að ræða svo mikilvæga heilbrigðisframkvæmd, að hún ætti vel að vera kleif, enda þótt tölurverðu fé þurfi að verja næstu ár úr íþróttasjóði og frá bæjum og hreppum kaupúnanna til að reisa ný íþróttahús.

Eigi þykir fært að gera þá kröfu, að fastir barnaskólar á fámennari stöðum en með 500 íbúum hafi sérstakt íþróttahúsnæði. Verður því að bjargast þar við þær íþróttaiðkanir, sem við verður komið í húsnæði skólanna, nema vól sé á öðru betra húsnæði til þess á staðnum, félagshúsi t. d. Á slíkum stöðum verður fyrst og fremst að leggja áherzlu á þær líkamsæfingar, sem hjálpa börnunum til að ná réttu vaxtarlagi.

Þá er gert ráð fyrir, að allir fastir barnaskólar og æðri skólar hafi til umráða landsvæði, sem nota megi til útiþróttar og knattleika. Þetta er skólunum hin mesta nauðsyn. Og þar sem landrými skortir yfirleitt ekki hér á landi, ætti þetta að vera hægðarleikur. Skólarnir gætu sjálfir lagt fram vinnu við að slétta og lagfæra þetta land sitt.

Um 13. gr.

Þessi grein gerir ráð fyrir, að öll skólabörn á landinu verði synd, m. ö. o. að sund verði skyldunámsgrein í öllum barnaskólum í sveitum og við sjó. Þegar á það er lítið, að sund er í fremstu röð íþróttar um heilbrigðisgildi, og líf manna getur auk þess oft oltið á því, að þeir séu syndir, getur ekki leikið vafi á því, að ákvæði greinar þessarar eru stórlega þýðingarmikil. Undanfarin ár hafa, sem kunnugt er, verið gerðar sundlaugar mjög víða um land, svo að nú þegar er sundkennsla allra barna vel framkvæmanleg þess vegna á miklum hluta landsins, eða frá Mýrdalssandi vestur um alla leið að Óxarfirði. Á austanverðu landinu eru mestir örðugleikar um þetta efni, enda skortir þar jarðhita. Með sundlaug að Eiðum verður því máli þó að allverulegu leyti borgið fyrir Múlasýslu. Sá stuðningur, sem veittur yrði til byggingar sundlauga á næstu árum, yrði að fara á þá staði, sem örðugasta eiga sókn til þeirra sundlauga, sem nú eru til. — Ekki er frágangssök að kenna sund í köldu vatni um hásumarið, ef eigi er kostur hlýrrar laugar. Enn gæti komið til mála, að gerðar yrðu upphitaðar laugar þar, sem eigi er kostur að ná til jarðhita.

Um 14. gr.

Orðið „útiþróttir“ hefir víðtæka merkingu í grein þessari. Nær það yfir hlaup, stökk, köst, göngu (þar með gönguferðir og fjallgöngur), skíða- og skautuferðir, knattleika o. fl. Þetta má víðast stunda í skólum að miklu gagni, en án verulegs tilkostnaðar. En til þess þarf hvatningu kennaranna. Sjálfsgagt er, að skólarnir hvetji drengi til glímuiðkana og sjái þeim fyrir leiðbeiningum og aðstöðu til þeirra.

Um 15. gr.

Þarf engra skýringa.

Um 16. gr.

Reynslan, einkum hér í Reykjavík, þar sem samkeppni íþróttafélaganna um fólkið hefir einnig náð til unglínganna, hefir sýnt, að þessarar greinar er þörf. Skólarnir verða að sjá nemendum sínum fyrir þeim íþróttaiðkunum, sem þeim eru nauðsynlegar. Er þá engin ástæða til, að nemandi hafi heimild til að vanrækja þær vegna annara íþróttaiðkana. Ef íþróttir eru stundaðar í skólunum og auk þess utan þeirra, getur það leitt til ofþjálfunar. Enn eru íþróttæfingar félaganna oft á síðkvöldum, en sá tími er ungum skólanemendum ekki hollur. Ef skóli sér nemendum ekki fyrir nægilegum íþróttaiðkunum, verður að gera ráð fyrir, að skólastjóri veiti leyfi það, sem greinin gerir ráð fyrir.

Um 17.—18. gr.

Purfa engra skýringa.

Um 19. gr.

Vafalaust gætu íþróttamerki verið holl hvatning nemendum til íþróttaiðkana, hér á landi eins og annarsstaðar, þar sem reynsla er fyrir slíku. Þykir því rétt að hafa heimild þessa í lögnum. En ef til vill væri hygglegra, að Í. S. Í. gæfi út merki, í samráði við fræðslumálastjórnina.

Um 20.—21. gr.

Hér eru felld inn í lög nr. 24 1932, um próf leikfimi- og íþróttakennara, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar verða að teljast til samræmingar við þetta frv. Þar sem hér er um að ræða efni, sem löggjafarvaldið hefir áður gert sér grein fyrir og samþykkt, þykir eigi ástæða til að gera frekari grein fyrir því.

Um 22. gr.

Það er alkunnugt, að ungmennafélög og íþróttafélög sveitanna og hinna fámennu þorpa eiga þess engan kost að halda sérkennara í íþróttum. Verður því þar varla um aðra íþróttaleiðbeiningu að ræða en þá, sem einstakir félagsmenn veita, þeir sem átt hafa kost einhvers íþróttanáms unfram allan fjöldann. Slíkar íþróttaleiðbeingar áhugamanna geta haft hina mestu þýðingu, og mætti nefna mörg dæmi um íþróttavakningu, sem t. d. nemendur úr íþróttaskólanum í Haukadál eða frá hér- aðsskólunum hafa valdið í sveitum landsins. Ákvæðum greinar þessarar er ætlað að greiða fyrir því, að félög sveita og dreifbýlis geti jafnan átt slíka leiðbeinendur um íþróttir.

Um 23. gr.

Með grein þessari er hert töluvert á kröfum um íþróttanáms kennaraefna. Er það óhjákvæmilegt vegna annara ákvæða frv. þessa, t. d. 12., 13. og 14. gr. Margir kennarar starfa einir við skóla, og þar verða þeir þá að geta kennt allar þær greinar, sem krafizt er, að börnin nemi, íþróttir engu síður en annað. Eigi verður vitað meðan kennaraefni stundar nám, við hver skilyrði hann starfar síðar að kennslu.

Virðist því óhjákvæmilegt, að íþróttakennsla sé jafnan ein grein kennaraprófs. Þetta hlýtur að vísu að útiloka líkamsgallaða menn frá kennaranámi, en við því er ekkert að gera. Enda verður að teljast vafasamt, að menn, sem geta ekki stundað og kennt íþróttir vegna heilsubilunar eða líkamsgalla, séu heppilegir til að vera kennarar.

Um 24. gr.

Í grein þessari eru tvö landssambönd, sem vinna að íþróttum, viðurkenndir aðiljar af hálfu hinnar frjálsu íþróttastarfsemi gagnvart ríkinu. Sambönd þessi ná yfir svo að segja alla íþróttastarfsemi landsmanna utan skólanna. Bæði hafa þau starfað lengi (U. M. F. Í. stofnað 1907 og Í. S. Í. 1912) og eiga sér mikla og góðu sögu í íþróttastarfsemi þjóðarinnar. Getur því ekki leikið efi á því, að bæði eigi þau að

hljóta viðurkenningu og stuðning löggjafans. Með þessum samböndum hefir jafnframt verið hin bezta samvinna.

Á það er þegar komin hefð, að Í. S. Í. hafi með höndum ípróttamál Íslands út á við og setji íslenskar reglur um ípróttakeppni í samræmi við alþjóðareglur. Enda er það í alþjóðasamböndum af Íslands hálfu.

Um 25. gr.

Nauðsynlegt verður að teljast, að samstarf sé milli ípróttafélaga í hverju héraði, um sameiginlegar íprótt framkvæmdir utan um ípróttamiðstöðvar um nám og keppni, sem myndast hljóta eða þegar eru myndaðar. Ungmennafélögin hafa þegar starfað í héraðasamböndum um langt árabil. Og Í. S. Í. vinnur að myndun héraðsambanda hjá sér. Grein þessari er ætlað að styðja þessa viðleitni og auðvelda samvinnu allra ípróttaaðilja héraðs, félaga, skóla o. s. frv.

Um 26. gr.

Hér eru tekin fram þau skilyrði, sem ríkið hlýtur að setja ípróttafélögum, til þess að það geti viðurkennt þau hæf til styrks. Fyrsta skilyrðið skýrir sig sjálf. — Um 2. lið er það að segja, að krefjast verður, að einstaklingarnir leggi nokkuð af mörkum sjálfir til ípróttastarfsemi félags síns, áður en þeir ætlast til opinbers stuðnings. Verður að gera ráð fyrir undir öllum venjulegum kringumstæðum, að iðgjöld félagsmanna greiði almennan rekstrarkostnað félaganna. 3. Eðlilegt virðist að krefjast þess, að félögin séu í öðruhvori hinna viðurkenndu landssambanda og uppfylli skyldur sínar þar. Ákvæðið um tveggja ára lágmarksaldur félags er sett til þess að fyrirbyggja, að félag, sem þýtur upp án þess að eiga lífsgetu til frambúðar, geti hrifsað fé úr ípróttasjóði. — 4. Áherzlu verður að leggja á, að ípróttaiðkanir miði fyrst og fremst að aukinni heilbrigði og starfsgetu þjóðarinnar. Til þess eru ákvæði 4. liðs nauðsynleg.

Um 27.—31. gr.

Ákvæðum 29. gr. er ætlað að tryggja það, að ípróttamannvirki og ípróttatæki þjóðarinnar komi að sem viðtækustum notum. — Frestur sá, sem veittur er í 31. gr., á einkum við ákvæði 12. gr. — Að öðru leyti þurfa þessar gr. ekki skýringa við.

Millipinganefndin í ípróttamálum mun síðar skila ýtarlegra nefndaráliti og niðurstöðum þeirra athugana, sem hún hefir haft með höndum.